

Nd.

86. Frumvarp til laga

[77. mál]

um Útgerðarstofnun ríkisins til atvinnujöfnunar.

Flm.: Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

Útgerðarstofnun ríkisins er sjálfseignarstofnun, sem lýtur sérstakri stjórn. Hlutverk hennar er að annast útgerð togara og báta og miðla hráefni til þeirra staða, þar sem atvinnuástand er lélegt og verkefni skortir.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal semja um kaup á allt að 5 skuttogurum, 1500—2000 smálesta að stærð, og 5 bátum af stærðinni 250—400 rúmlestir og afhenda þá stofnuninni. Stærri skipin skulu búin fullkomnum tækjum til að heilfrysta fisk.

3. gr.

Ríkissjóður leggur fram fé til stofnunarinnar samkvæmt ákvæðum fjárlaga, og er fé þetta óafturkræft. Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að taka fé að láni innanlands eða utan í þágu útgerðarinnar.

4. gr.

Ráðherra skipar 7 menn í útgerðarstjórn og 7 til vara til þriggja ára, og skulu tveir tilnefndir af áhöfnum skipanna og öðru starfslíði stofnunarinnar, en tveir af frystihúsaeygendum, hvort tveggja samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur. Fyrsta stjórn skal þó skipuð án tilnefningar til eins árs. Stjórnin kys sér sjálf formann.

5. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, og hefur hann daglega stjórn útgerðarinnar með höndum. Í samræmi við þá stefnu, sem útgerðarstjórn markar á hverjum tíma, ákveður framkvæmdastjóri, hvar afla skipanna skal landað og hjá hvaða frystihúsum. Um leið og tillit er tekið til ástands í atvinnumálum, ber einnig að stuðla að hagkvæmari rekstri frystihúsa í landinu, meðal annars með því að setja þau skilyrði fyrir viðskiptum, að gætt sé fyllstu hagræðingar og nýtni við meðferð aflans í landi.

6. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi af Ragnari Arnalds, og fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frumvarp þetta hefur tvenns konar tilgang: annars vegar að efla togaraútgerð, sem verið hefur á fallandi fæti undanfarina áratug og stórauka þannig gjaldeyrisöflun þjóðarinnar; hins vegar að miðla hráefni til frystihúsa víða um land og bæta með því rekstur þeirra. Er til þess ællazt, að þeir staðir, sem búa við lélegt atvinnuástand á hverjum tíma, verði einkum fyrir valinu.

Hagur togaraútgerðar hefur verið mjög misjafn á undanförnum árum, og á það raunar við um hvers konar sjávarútveg. Útgerð togara er hins vegar slíkt stórfyrirtæki, að margir einstaklingar og fjárvana bæjarfélög hafa ekki risið undir taprekstri nokkur ár í röð, og er þetta ein af ástæðunum til þess, að togurum, sem gerðir eru út, hefur verulega fækkað á seinustu árum.

En þótt togarar séu öðru hverju reknir með tapi, þarf þó enginn að efast um, að útgerð þeirra er alltaf hagur fyrir þjóðarheildina. Það væri til lítills, þótt öll fyrirtæki landsins skiluðu miklum gróða, ef þau öfluðu ekki þess gjaldeyris, sem við þurfum. Eitt alvarlegasta vandamálið í dag er einmitt það, að þjóðin eyðir meiri gjaldeyri en hún aflar. Framleiðslu til útflutnings verður að auka með öllum til-tækum ráðum.

Atvinnuleysi er nú víða um land, og þarf því varla að taka fram, hvílík þörf er á auknu hráefni til vinnslu. Reynslan hefur líka sýnt, að í góðu árferði, þegar atvinnuástand í landinu er almennt gott, getur verið talsvert atvinnuleysi í sumum landshlutum. Þannig hefur verið stöðugt atvinnuleysi á Norðurlandi allan þennan áratug, þótt næg atvinna væri víðast annars staðar til skamms tíma.

Það er ein af frumskyldum ríkisvaldsins að gera allt, sem í þess valdi stendur, til að útrýma þessum félagslega sjúkdómi, atvinnuleysinu. Að undanförunu hefur hráefnisskortur verið helzta orsök atvinnuleysis. Til þess að bezt megi skipuleggja dreifingu hráefnis til þeirra staða, sem eiga við tímabundna erfiðleika að etja, virðist það liggja beinast við, að völdug ríkisstofnun annist útgerð margra skipa og hafi heildaryfirsýn yfir hráefnisþörf hinna ýmsu sjávarplássu. Um leið gefst tækifæri til að stuðla að hagkvæmari rekstri frystihúsa.

Endurnýjun togaraflotans er knýjandi nauðsyn. Flutningsmaður telur æskilegt, að sem flestir einstaklingar og sveitarfélög hefji togaraútgerð, ef menn treysta sér til. Hafa þingmenn Alþýðubandalagsins hvað eftir annað flutt um það frumvörp á Alþingi, að ríkisvaldið láti byggja togaraflota og framselji skipin einstaklingum, félögum eða bæjarútgerðum með hagstæðum kjörum. Hins vegar er einsýnt, að við endurreisn þessa atvinnuvegar dugir ekki fyrirgreiðslan ein, ríkið verður beinlínis að leggja hönd á plóginn.

Eins og kunnugt er, hefur nokkuð verið haldið á loft þeim kreddukenningum, sem borizt hafa hingað frá útlöndum, að ríkið megi helzt ekki koma nálægt neinum atvinnurekstri. Virðast ýmsir kjósa frekar, að heilar atvinnugreinar staðni og hætti að vaxa árum saman eða jafnvel visni upp og hverfi vegna skipulagsleysis og fjár-skorts, heldur en ríkisvaldið skerist í leikinn og skipuleggi atvinnurekstur.

Íslendingar hafa ekki efni á að leggja trúnað á slíkar kreddur. Þeir hafa ekki efni á að láta frystihús standa ónotuð og fólkið atvinnulaust mánuðum og jafnvel árum saman. Feimni við ríkisrekstur á þessu sviði er ekki sízt fráleit vegna þess, að ríkisvaldið er eini innlendi aðilinn, sem getur leyst það verkefni, sem hér þarf að vinna.“